

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Biskupstungnahreppi árið 2000.

1. gr.

Gjald fyrir sorphlutninga og sorpeyðingu í Biskupstungnahreppi sbr. samþykkt nr. 97/2000 um sorphirðu (sorphlutninga og sorpeyðingu) fyrir árið 2000 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

A: Sorpgjald á íbúðir, árgjald	kr. 4.770
B: Sorpgjald á sumarhús, árgjald	kr. 3.180
C: Sorpgjald á atvinnurekstur, lágmarksgjald	kr. 10.600

Stærri fyrirtæki greiða allan kostnað vegna gámaflutninga og innvegins sorps.

Það gjald innheimtist eftir á í samræmi við fyrirbyggjandi kostnað.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í hreppsnefnd Biskupstungna, staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands og sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu í Biskupstungum nr. 97/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum um hollustu og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Biskupstungnahreppi.

Biskupstungnahreppi, 1. febrúar 2000.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um fráveitu í Fjarðabyggð.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu í Fjarðabyggð.

2. gr.

Fjarðabyggð starfrækir fráveitu, bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild bæjarins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Skilgreiningar:

Fráveita: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráveituvatn: Vatn (skólþ, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

Skólþ: Húsaskólþ og iðnaðarskólþ eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólþ, iðnaðarskólþ, ofanvatn, kæli- vatn og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtakanda.